

skal hreppstjóri selja það með reglulegu uppboði, eptir fyrirmælum hreppsnefndar.

Komi eigandi fram fyrir næstu fardaga og sanni eignarrjett sinn á seldum óskilakindum, skal honum skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði, ella rennur það í sveitarsjóð. Annað úrsveitissje, sem ekki er í vafa, getur hreppsnefnd látið selja þegar Marteinsmessu líður, ef eigendur eru mjög fjarri eða torsoðtt rekstrarleið og annars má ætla, að sæmileg boð fáiast í fjeð. Skal hreppsnefnd að öðru jöfnu heldur taka þann kost, en láta slíkar kindur vera á flækingi eða með útigönguhjörðum, einkum ef lömb eru. Um sölu þess fjár skal eigendum gjört aðvart við fyrsta tækifæri og þeim sent andvirðið að frádregnum kostnaði.

#### 47. gr.

Mörk og einkenni á óskilafje því, sem selt var í hreppnum, skal oddviti auglýsa í útbreiddu blaði fyrir janúarmánaðarlok ár hvert, fyrir borgun úr sýslusjóði. Sektum varðar dráttur á þessu.

— — — — —

Ur gildi ern felldar:

8., 21., 23., 35., 36., 37., 38., 41., 42., 46. og 47. gr. gildandi fjallskilareglugjörðar Suðurmúlasýslu frá 1. jan. 1893 og koma framanskráðar greinar í þeirra stað og öðlast þær gildi 1. janúar 1905.

Amtsráð Austuramtsins, Akureyri 23. ágúst 1904.

*Páll Briem.*

## Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—24. júní 1904.

Ár 1904, 23. dag. júním., var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmani Júlíus Havsteen ásamt með amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni í Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), útvegsbónda Ágúst Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

110

2. júlí

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu um kosningar amtsráðsmanna í nefndum sýslum fyrir tímabilið frá 1. júní 1904 til 31. maí 1910 í stað þeirra, er úr ráðinu skyldu ganga, að enduðum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Rangárvallasýslu:

Amtsráðsmaður, prestur sjera Skúli Skúlason í Odda (endurkosinn).  
Varaamtsráðsmaður, Eyjólfur bóndi Guðmundsson í Hvammi (endurkosinn).

2. Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Amtsráðsm. Ágúst Jónsson í Höskuldarkoti. Varaamtsráðsmaður prófastur sjera Jens Pálsson í Görðum (endurkosinn).

Forseti gat þess, að lög 23. oktbr. 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufjelög, kæmu eigi til framkvæmda fyren 1. janúar 1905, og skýrði forseti ennfremur svo frá, að hann með brjefi, dagsettu 26. febr. þ. á., hefði fyrirskipað, að amtsráðsmaður sá og varaamtsráðsmaður, sem kosnir yrðu í sýslunni fyrir tímabilið frá 1. júní 1904 til 31. maí 1910, skyldu skoðast sem kosnir í þeirri sýslunni, Gullbringu- eða Kjósarsýslu, þar sem þeir ættu heimili, en kosning á hinum nýja amtsráðsmanni og varaamtsráðsmanni fyrir hina sýsluna skyldi framfara á fyrsta fundi hinnar nýju sýslunefndar og gildi þá sú kosning fyrir tímabilið frá kosningardeginum til 31. maí 1910.

Amtsráðið fann ekkert við kosningarnar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum.

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins fyrir 1903, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Árnassýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suduramtsins fyrir 1903 var fenginn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar. Jafnframt var framlagt brjef landshöfðingja yfir Íslandi 15. júlí 1903, þar sem hann veitir samþykki sitt til þess, að nota megi eptirstöðvarnar af búnaðarskólasjóði Suduramtsins í þarfir búnaðarskólafununarinnar á Hvanneyri.
5. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðarlandseta og ekkna þeirra í Suduramtinu fyrir 1903 var falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafununina 1903—1904, og sjóðsreikning skólahússins frá 11. oktbr. 1903 til 31. maí 1904, ásamt nokkrum viðskiptareikningum.

Þannig vantaði þá reikning yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning skólabúsins 1903—1904 með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1903. Þessa reikninga hafði eigi verið hægt að senda að sinni vegna þess að skólastjóri lagðist í þunga legu 23. f. m., og er fyrst nú orð-

inn svo hress, að hann sje fær um, að fást við reikningagjörðina; en við þetta bætist, að reikningar geta aldrei orðið alveg fullnægjandi fyrir hið liðna skólaár, vegna brunans 6. oktbr. f. á., en þá misstust öll reikningsgögn, sem til voru þá. Við lauslega uppgjörd stjórnarnefndarinnar er það samt leitt í ljós, að útistandandi og innistandandi skuldir búsin standist nokkurnveginn á, og ætti því að vera mögulegt að fá nokkurnveginn nákvæmt yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar eptir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru.

Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnunum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar. Hinir vantandi reikningar, ásamt með kirkjureikningnum fyrir 1903—1904 skyldu sendir stjórnarnefnd skólans til endurskoðunar, og var forseta falið að úrskurða reikningana.

5. Forseti skýrði frá árangrinum af fjárskoðunum þeim, sem fram höfðu farið eptir skipun hans með ráði dýralæknis á síðastliðnu hausti og framanaf vetrinum. Eptir þessum skýrslum höfðu fundizt alls 235 kindur (á 132 heimilum) með kláða á hinu svonefnda kláðagrunaða svæði.

Að því leyti er snertir útrýmingu fjárkláðans, samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903, um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, sbr. Reglugjörð 28. desbr. 1903, skýrði forseti svo frá, að framkvæmdarstjórinn O. Myklestad væri kominn vestur að Hjeradsvötnunum í Skagafjarðarsýslu með útrýminguna, og væri það ætlun hans að taka Sudur- og Vesturömtin fyrir á komanda vetri, og byrja á Strandasýslu og Ísafjarðarsýslu. Forseti gat ennfremur þess, að O. Myklestad hefði gjört nú þegar nokkrar undirbúningsráðstafanir í Strandasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Almennar fjárskoðanir hefðu verið fyrirskipaðar í Rangárvallasýslu, Vesturskaptafellssýslu og Vestmannaeyjasýslu á þessu vori. Í sumar yrðu gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir til kaupa á nægilegu tóbaki til útrýmingarinnar, 93100 pd., og til útsendingar þess ásamt eirkötlum. Forseti skýrði svo frá, að farið væri eptir fjártölunni 1901, með 15% viðbót, og svo væri áætlað, að 2 pd. af tóbaki hrykki þvínær í 7 kindur; en við tóbaksfordann eptir þessum mælikvarða yrði bætt 25%, ef tvíþaða þyrfti sumstaðar.

Forseti gat þess að endingu, að á síðastliðnu vori hefði það orðið uppvíst, að kláði væri í uppsveitum Árnassýslu. Eptir skýrslum þeim, sem sýslumennirnir í Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu höfðu sent hingað, um árangurinn af skoðunum þeim, sem fram höfðu farið í nefndum sýslum á síðastliðnu vori, eptir skipun stjórnarráðsins, hefði enginn kláði fundizt, aðeins fellilús á örfáum kindum. Skýrsla úr Vestmannaeyjum var eigi komin.

6. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknis, dagsetta 8. febr. þ. á., um tilraunir hans með nýju bráðapestarbóluefni og um útbýting á bóluefni samskonar og notað hafði verið undanfarin ár, handa hjerumbil 40,000 fjár.

Forseti skýrði frá því, að dýralæknirinn hefði verið fjærverandi frá

því fyrst í febr. og fram í maí, til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfje í Norður- og Austuramtinu, sbr. fjárlögin 1904—1905. 14, gr. B. 6.

Amtsráðið álykti að skora á dýralækni, að hafa nóg af bóluefni til útbýtingar á komanda hausti.

7. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt í fyrra á sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1902.

Einungis vantar skýrslur um vegagjörðir um Hafnarfjörð og í Rosmhvalaneshreppi, sem forseti hefir nú minnt sýslumann á með brjefi, dagsettu 1. júní þ.á.

8. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1903 úr öllum sýslum amtsins; höfðu endurskodendur í hjeradi endurskodað reikningana og forseti amtsráðsins yfirfarið þá. Þær fáu athugasemdir, sem gjörðar höfðu verið við reikningana voru þvínæst úrskurðaðar af amtsráðinu.

Forseti bar undir amtsráðið, hvort sú aðferð væri rjett, sem viðhöfð væri í Rangárvallasýslu, um niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins, sem sje, að ákveða fyrir fram, hve mikið kæmi niður á hvert fasteignar- og lausafjrhundrað, og svo þar eptir reikna út, hvað hver hreppur skyldi borga í sýslusjóðinn.

Rjettara virðist vera, að jafna niður þeim upphæðum, sem lenda skyldi á hvern hrepp, með einfaldri þriliðu. Með þessari aðferð yrði gengið að því vísu, hve mikið sýslusjóðsgjaldið væri, og hve mikið kæmi niður á hvern hrepp.

9. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.

- A. Úr Vesturskaptafellssýslu,  
frá 12.—14. apríl þ. á.
- B. Úr Vestmannaeyjasýslu.  
frá 22. febrúar þ. á.
- C. Úr Rangárvallasýslu,  
frá 6.—7. apríl þ. á.
- D. Úr Árnessýslu,  
frá 12.—16. apríl þ. á.
- E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu,  
frá 23.—24. marz þ. á.
- F. Úr Borgarfjarðarsýslu,  
frá 12.—13. apríl þ. á.

10. Forseti lagði fram skýrslur um ástand styrktarsjóða fyrir alþýðufólk fyrir 1903 úr öllum sýslum amtsins, og voru þær yfirfarnar.

11. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, 19. marz þ. á., hefði samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu á fundi hennar 22. febr. þ. á, að hækka sýsluvegagjaldið fyrir yfirstandandi ár úr 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann uppi 2 kr. 50 a., samkvæmt lögum 23. oktbr. 1903, um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894.

12. Forseti skýrði frá, að hann ennfremur hefði leyft sömu sýslunefnd með 110  
brjefi, dagsettu 19. marz þ. á., að taka 6000 kr. lán uppá sýslusjóð, annað- 2. júlí  
hvort í landssjóði eða í öðrum sjóði, með sem beztu kjörum, sem hægt væri  
að fá, til þess að byggja upp barnaskólahús.
13. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dagsettu 20. apríl þ. á., hefði  
samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu á fundi  
hennar 23.—25. marz þ. á., að verja úr sýslusjóði 2,300 kr. til vegagjörðar  
milli Hafnarfjarðar og Vogastapa, á móti fjárveitingu fjárlaganna, 12. gr.  
B. 10. c. í þessu skyni, og í tilefni af þessu jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi  
á yfirstandandi ári 4806 kr., en upphæð sú, sem má jafna niður án sam-  
þykkis amtsráðsins, nemur 4088 kr. 89 a.

Forseti lagði jafnframt þessu fram brjef frá hreppsnefndaroddivitanum  
í Kjósarhreppi, dagsett 6. þ. m., og þar með fylgjandi endurrit úr gjörðabók  
hreppsnefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 11. maí þ. á., en á þess-  
um fundi hefir nefndin ályktað, að beiðast þess, að amtsráðið felldi úr gildi  
fyrnefnda ályktun um notkun 2300 kr. til tjeðs vegar, að því er Kjósar-  
sýslu snerti, eða í öllu falli Kjósarhrepp.

Forseti gat þess, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði  
þegar fyrir fund sýslunefndarinnar 23.—24. marz þ. á. farið þess á leit í  
brjefi, dagsettu 9. s. m., sem var framlagt, að fá samþykki forseta til þess,  
að nota nefndar 2,300 kr. til fyrnefnds vegar, en í brjefi, dagsettu 21. marz  
þ. á. kveðst forseti hafa skorazt undan því, og látið í ljósi þá skoðun sína,  
að ályktun sýslunefndarinnar yrði að liggja fyrir til þess, að greiða svo  
mikla upphæð úr sýslusjóði.

Nú ályktaði sýslunefndin þetta á fundi sínum, 23.—24. marz þ. á., án  
þess að það sjáist, að sýslunefndarmennirnir úr Kjósar-, Kjalarness-, Mosfells-  
og Seltjarnarnesshreppum, sem eptir lögum 3. oktbr. 1903, um að skipta  
Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufjelög, eiga að mynda það sýslufjelag,  
sem á að kallast Kjósarsýsla, hafi mótmælt þessari ályktun eða látið bóka  
ágreiningsatkvæði sitt, sbr. 54. gr. fundarskýrslunnar. Að eins hafa þeir  
eigi greitt atkvæði með því, að fyrnefndar 2,300 kr. yrðu teknar uppá á-  
ætlunina um tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir 1904, (sbr. 53. gr. fundar-  
skýrslunnar); þetta sýnist samt eigi geta haft neina þýðingu í sjálfu sjer,  
enda sendi sýslumaður eigi forseta fundarskýrsluna fyren með brjefi, dag-  
settu 16. maí þ. á., en forseti hafði þegar samþykkt ályktun sýslunefndar-  
innar um notkun fjárens með brjefi sínu, 20. apríl þ. á., að meðteknu brjefi  
sýslumanns 16. apríl þ. á., og þar með fylgjandi endurriti af 54. gr. fundar-  
arskýrslunnar.

Að endingu gat forseti þess, að fyrnefndum lögum, 3. oktbr. 1903, yrði  
ekki komið til framkvæmda fyr en frá 1. janúar 1905.

Amtsráðið lýsti því yfir, að ályktun sýslunefndarinnar um þetta mál  
væri að öllu leyti lögmæt.

- 110** 14. Forseti skýrði ennfremur frá því, að hann með brjefi, dagsettu 20. apríl þ. 2. júlí á., hefði samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu á fundi hennar 23.—25. marz þ. á., að taka að sjer sjálfskuldarábyrgð á láni, að upphæð 8000 kr., sem snikkari Jóhannes Reykdal hefir fengið fyrirheit um úr landssjóði með kjörum, tilteknum í 19. gr. fjárlaganna fyrir 1904 og 1905, til þess að koma á fót trjesmiðaverkstofu í Hafnarfirði, gegn því að sýslunefndin fengi 1. veðrjett í verksmiðjunni með öllu tilheyrandi.

Hreppsnefndin í Kjósarhreppi hefir á fyrnefndum fundi sínum 11. maí ákveðið að biðja amtsráðið um, að samþykkja ekki ábyrgð þessa, þar sem lánsheimild alþingis í 19. gr. fjárlaganna að eins væri bundin við ábyrgð sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu, en ekki við ábyrgð Gullbringu- og Kjósarsýslu. Eins og hreppsnefndaroddivitinu tekur fram í fyrnefndu brjefi sínu, dagsettu 6. þ. m., þá er þessi ábyrgð Kjósarsýslu óviðkomandi í framtíðinni, það er að segja frá þeim tíma, er sýsluskiptin eru komin á, enda er fjárveitingin í fjárlögum bundin við ábyrgð Gullbringusýslu.

Amtsráðið fellst á gjörðir forseta í þessu tilliti.

15. Framlagt var brjef sýslumannsins í Árnassýslu, dagsett 23. apríl þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Árnassýslu hefir leitað samþykkis forseta fyrir hönd amtsráðsins til þeirrar ályktunar nefndarinnar, að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, að upphæð 50,000 kr., sem sparissjóður Árnassýslu ætlar að fá í Íslandsbanka. Amtsráðið samþykkti þessa ályktun með því skilyrði, að sett yrði að veði fyrir því láni, sem sparissjóðurinn kynni að taka, fasteignarveðbrjef sjóðsins, og að lánsupphæðin færi eigi fram úr 75% af upphæð hinna veðsettu skuldabryjefa.
16. Forseti skýrði frá því, að hann, að fengnum nánari upplýsingum, hefði með brjefi, dagsettu 20. f. m., samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnassýslu, að takast á hendur ábyrgð fyrir 20,000 kr. láni úr viðlagasjóði til handa Erlendi Þórðarsyni á Reykjafossi og Gunnlaugi hreppstjóra Þorsteinssyni á Kíðjaberghi, til þess að halda áfram tóvinnuverksmiðju að Reykjafossi í Ölfusi, gegn því, að sýslufjelagið fái 1. veðrjett í vjelunum og vjelahúsinu. Lán þetta, sem fæst úr landssjóði með mjög vægum kjörum, samkvæmt 19. gr. fjárlaganna fyrir 1904 og 1905, á að nota til þess að endurborga eptirstöðvarnar (18,000 kr.) af láni því úr Landsbankanum, sem tekið var til fyrnefnds fyrirtækis 1902, (sbr. Stjórnartíðindi 1902, B. bls. 190), en hreppstjóri Gunnlaugur Þorsteinsson á Kíðjaberghi er nú orðinn annar eigandi verksmiðjunnar í stað þeirra Guðna Jónssonar á Hlíðarenda og Guðmundar Jónssonar á Hrauni.
17. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnassýslu á fundi hennar 12.—16. apríl þ. á., að hækka sýsluvegagjaldið í sýslunni fyrir yfirstandandi ár, úr 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann, upp í 1 kr. 50 a., sbr. lög 23. oktbr. 1903, um breyting á lögum nr. 8 um vegi, frá 13. apríl 1894.

18. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 23. apríl þ. á., þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki, að jafnað hafi verið niður 5100 kr. sem sýslusjóðsgjaldi á yfirstandandi ári, sem sje meira, en jafna megi niður án leyfis amtsráðsins.

110  
2. júlí

Amtsráðið áleit, að samþykkis síns þyrfti ekki við samkvæmt fyrirmælunum í 26. og 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, þar sem upphæð sú, sem sýslunefndin mætti jafna niður án æðra samþykkis, væri 5865 kr. 57 a., sem er gjaldaupphæðin að meðaltölu um næstu 3 ár á undan, að viðbættum einum þriðjungi.

19. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dagsett 16. maí þ. á., og þar með fylgjandi ágripsendurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 23—25. marz þ. á., þar sem nefndin hefir ályktað, að taka að sjer, ef til kæmi, sjálfskuldarábyrgð fyrir láni uppá 2000 kr. handa Halldóri Jónssyni á Álafossi, sem hann svo notaði til þess að endurborga hið eldra tóvinnuvjelalán sitt, sem sýslan einnig stendur í ábyrgð fyrir.

Amtsráðið samþykkti hjeraðlútandi ályktun sýslunefndarinnar.

20. Amtsráðið staðfesti frumvarp til reglugjörðar um breyting á fjallskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, 5. ágúst 1902, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1904.

21. Samkvæmt tillögu sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu ákvað amtsráðið, að skipta skyldi 5. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar (Fljótshlíðarhreppi) í 2 umdæmi, og skyldi Litlaþverá vera takmörkin; nýja umdæmið, innan Litlu þverár, verður hið 6. í röðinni og breytist svo töluröðin eptir því.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsett 25. apríl þ. á., og þar með fylgjandi bænarskrá frá yfirsetukonunni í 1. yfirsetukvennaumdæmi Borgarfjarðarsýslu, Guðrúnu Gísladóttur, um 20 kr. launahækkun eptir 12 ára þjónustu, sem sýslunefndin af tilgreindum ástæðum hafði synjað henni um. Með bænarskránni fylgdi meðmælandi vottorð frá hjeraðslækninum í Skipaskagahjeradi.

Amtsráðið ályktaði, að afgreiða málaleitun þessa til stjórnarráðs Íslands með þeim ummælum, að það fjellist að öllu leyti á þær ástæður, sem sýslunefndin hafði byggt neitun sína á.

23. Sýslunefndin í Árnessýslu hefir á fundi sínum 12.—16. apríl þ. á. ályktað, að leggja fram úr sýslusjóði sýslunnar allt að 5000 kr. til brúargjörðar á Sogið hjá Alviðru ámóti allt að 6000 kr. tillagi úr landssjóði, samkvæmt fjárlögunum fyrir 1904 og 1905, 12. gr. B. og gegn því, að það fje, sem vantar, verði lagt fram eða útvegað af Grimsnesshreppi, og í annan stað til sýsluvegarins frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Laxá 8000 kr., gegn því, að hlutadeigandi sveitir leggi til að minnsta kosi 5000 kr., og landssjóður það, sem ávantadi.

Brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dagsett 26. apr. þ. á., var framlagt, og beiðist hann í umboði sýslunefndarinnar, samþykkis amtsráðsins til þess

110  
2. júlí

að taka allt að 13,000 kr. lán handa sýsluvegasjóði til fyrnefndra fyrir tækja, ef til skyldi koma.

Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki.

24. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Árnassýslu á fundi hennar, 12.—16. apríl þ. á., ákvað amtsráðið, að tekinn verði í tölu sýsluvega vegur frá Geysisveginum nálægt Austurhlíð fram hjá Torfastöðum og Skálholti, um Iðu-ferjustað, að Reykjum á Skeiðum, og vegur frá Skálholti um Reykjanes á sýsluveginum hjá Svínavatni, en að felldur verði úr tölu sýsluvega vegurinn frá Svínavatni um Spóastaði að Audsholti.
25. Ennfremur samþykkti amtsráðið, samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í VesturSkaptafellssýslu á fundi hennar 12.—14. apríl þ. á., að vegurinn frá Reynisfjalli vestanverðu, að Dyrhólaós falli úr tölu sýsluvega, og að vegurinn frá Reynisfjalli vestanverðu þar sem sýsluvegurinn liggur niður af því, norður með fjallinu Reyni, yfir Audunnartún neðan til, yfir Fossgil, fyrir norðan Norðurfoss, og þaðan á póstveginn á Gatnabrún, sje tekinn í tölu sýsluvega.
26. Amtsráðið samþykkti tillögur sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu á fundi hennar 5.—7. apríl þ. á., um að lögferjan á Sandhólaferjustað verði lögð ur.
27. Reikningarnir yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarskólasjóðs og styrktarsjóðs verðugra og þurfandi, þjóðjarðarlandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu, fyrir 1903, voru aptur framlagðir og hafði ekkert fundizt við þá að athuga.  
Vorur reikningarnir samþykktir.
28. Amtsráðið veitti sæluhúsverði á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, 200 kr. úr jafnaðarsjóði, samkvæmt tillögum sýslunefndanna í VesturSkaptafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnassýslu.
29. Forseti lagði fram skýrslu um kvennaskólann í Reykjavík fyrir tímabilið frá 1. oktbr. 1903 til 14. maí 1904, og reikning yfir tekjur og gjöld hans frá 1. septbr. 1902 til 31. ágúst 1903. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, samkvæmt framkominni umsókn.
30. Forseti lagði fram bænarskrá frá skógræktarfelagi Reykjavíkur, dagsetta 18. þ. m., um 150 króna styrk úr jafnaðarsjóði á yfirstandandi ári til framhaldandi skógræktunar við Rauðavatn.  
Amtsráðið veitti hinn umsóttu styrk.
31. Forseti lagði fram erindi frá Jóhannesi Einarssyni frá Ormsstöðum, dagsett 22. þ. m., þar sem hann sækir um 4000 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til þess að koma upp gistihúsi á Lækjarbotnum, sem á að kosta 6000 kr.  
Amtsráðið var þeirrar skodunar, að málefni þetta heyrði undir úrslit stjórnarráðsins, og ályktaði að afgreiða það þangað með meðmælum sínum.
32. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafélagið

1903—1904, sjódsreikningur skólastjóra 1903—1904 og skrá yfir eignir skólans 31. maí 1903.

110  
2. júlí

Við reikninga þessa var ekkert fundið að athuga.

Af þeim ástæðum, sem áður eru taldar, var eigi til enn skýrsla um kennsluna á skólanum 1903—1904.

Forseti skýrði frá bráðabirgðaráráðstöfunum þeim, sem gjörðar höfðu verið útaf brunanum á Hvanneyri aðfaranótt 6. oktbr. f. á., sem eyddi gjörsamlega íveru- og skólahúsinu og mjólkurmeðferðarskóla Búnaðarfélags Íslands; litlu öðru var bjargað, en nokkrum sængurfötum, sem fleygt var út, til þess að bjarga sjer á, og íverufötum, sem menn höfðu komizt í, er þeir með naumindum komust úr brunanum.

Til þess að útvega fólkinu skýli var notað loptið í timburskemmu þeirri, sem byggð hafði verið á skólasetrinu 1896, og sem nú kom að göðum notum.

Kostnaðurinn við að útbúa þetta hæli og til þess að kaupa nauðsynleg sængurföt og áhöld hafði orðið um 1100 kr., eins og viðskiptareikningurinn sýnir, auk þess sem notað var það timbur, sem nýtilegt var úr kirkjunni, sem fauk í nóvember 1902, en það hafði verið virt á 490 kr. Með þessu móti var kennslunni haldið áfram að nokkru leyti, og aðeins einn piltur yfirgaf skólann.

Forseti gat þess ennfremur, að hann hefði eigi verið í neinum efa um, að byggja skyldi þegar upp aptur skólahúsið, enda hafði þegar áður verið ákveðið, að veita því yfirgripsmikla aðgjörð og stækka það, sbr. Stjórnartíðindi 1903, B. bls. 184 og 185 og hefði amtsráðsmaður sjera Guðmundur prófastur Helgason í Reykholti og skólastjóri verið sjer samdóma um þetta. Að láta skólahúsið liggja í rústunum væri það sama sem að leggja skólann niður, sem sumir virtust helst vilja, en þetta yrði ekki gjört, nema með lögum, og var framlagt brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dagsett 25. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu hefði á fundi hennar 12.—14. apríl þ. á. tekið til athugunar, að komið hefði til orða, að leggja niður búnaðarskólann á Hvanneyri, en stofna bóklega búnaðarkennslu í Reykjavík, og hafði nefndin lýst megnasta vantrausti sínu á þessu fyrirkomulagi og látið í ljósi þá von, að amtsráðið gjörði það, sem hægt væri til þess, að búnaðarkennslu yrði haldið áfram á Hvanneyri eins og að undanfögnu. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði látið í ljós gagnstæða skoðun.

Amtsráðið fjellst á allar þær ráðstafanir, sem gjörðar höfðu verið í þessu tilliti.

Brunabótaupphæðin fyrir húsið var 10,000 kr., sem það hafði verið vátryggt fyrir. Fyrir innanstokksmuni, sem voru vátryggðir fyrir 2,200 kr., fengust útborgaðar 2127 kr. 45 a., og fyrir kennsluáhöld hin fulla vátryggingarupphæð 300 kr.

Með ráði amtsráðsmanns sjera Guðmundar prófests Helgasonar í Reyk-

110  
2. júlí

holti, sem er í stjórnarnefnd skólans, og skólustjóra er ætlast til, að hið nýja skóla- og íveruhús sje tvíloftað og að stærð 32×14 áln., og kostnaðurinn talinn að verða um 14000 kr. (með málningu). Skólustjóri hafði sjeð um grunnhleðslu og kjallarabygging á síðastliðnum vetri, þantað timbur, og var byrjað á byggingunni fyrst í þessum mánuði.

Að því leyti, er kirkjuna snerti, þá hafði það eigi tekizt að ná neinum samningum við söfnuðinn, og hefði þá eigi verið annað fyrir hendi, en að ráðast í að byggja kirkjuna uppá kostnað skólafundunarinnar.

Kostnaðurinn var áætlaður 3,500 kr. (Stjórnartíðindi 1903, B. bls. 184). Forseti gat þess, að tvísýnt væri, hvort kirkjan kæmist upp á þessu sumri, þar sem sóknarmenn eigi hefðu búið undir grundvöllinn, þótt verk þeirra yrði ekki annað, en að flytja nokkurt grjótt að, og hjálpa til við hleðsluna, en sementið í grundvöllinn mundi skólinn leggja til.

Forseti skýrði frá því, að hlaðan með súrheyskompanni væri byggð. Hún er úr timbri með járnþaki, 25 áln. á lengd og 12 áln. á breidd. Súrheyskompan, sem er byggð við annan endann, er 12 áln. á lengd og 5 áln. á breidd. Hlaðan er vátryggð fyrir 2700 kr.

Eptir því sem tilstóð, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 25.—26. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1903, B. bls. 185) höfðu undirstöðuatriði undir nýjan samning við Búnaðarfélag Íslands um nujólkurmeðferðarkennsluna verið samþykkt á búnaðarþinginu 26 ágúst—2. septbr. f. á., þar sem forseti og skólustjóri Hjörtur Snorrason mættu sem búnaðarþingsfulltrúar, hion fyrnefndi fyrir Vesturamtíð. Úr þessum samningi hefir samt eigi orðið vegna brunans 6. oktbr. f. á., en úr því fjell kennslan niður, og var hún flutt til Reykjavíkur, enda hefir stjórn fjelagsins skýrt amtsráðinu svo frá í brjefi, dagsettu 16. þ. m., sem var framlagt, að kennslan yrði eptirleidis á Hvítárvöllum.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði, samkvæmt ályktun amtsráðsins í fyrra, í brjefi, dagsettu 5. ágúst f. á., borið undir stjórn Búnaðarfélags Íslands spurninguna um það, hvort fjelagið vildi taka að sjer alla stjórn og alla ábyrgð á Hvanneyrarskólanum, þannig að það, en ekki amtsráðið, leggði fram eptirleidis það, sem þyrfti til þess, að halda skólanum áfram.

Var framlagt brjef fjelagsstjórnarinnar hjeraðlútandi, dagsett 29. desbr. f. á. Hafði málið verið borið upp á búnaðarþinginu 26. ágúst—2. septbr. f. á., og niðurstaðan orðið sú, að búnaðarþingið sá sjer eigi fært að taka búnaðarskólann að sjer, sízt að fornspurðu alþingi, en óskaði jafnframt, að amtsráð Suduramtsins gæfi upplýsing um það, hvort það vildi taka að sjer skuldir, er á skólanum hvíla, eða leggja honum árlega styrk. Stjórn fjelagsins tekur það fram, að málaleitun þessari sje alls eigi synjað, heldur aðeins frestað til sumarsins 1905, þar sem búnaðarþingið og stjórn fjelagsins væri samþykkt amtsráðinu um, að heppilegast væri að Búnaðarþingið tæki að sjer alla stjórn og ábyrgð á skólanum, en yrði að leggja sjerstaka áherzlu á það, að vissa þyrfti að vera fengin fyrir því, að alþingi væri jafnfúst á að styrkja skólann undir stjórn og ábyrgð fjelagsins.

Amtsráðið hafði aldrei hugsað sjer, að þessi breyting gæti komizt á, nema hinum gildandi lögum um búnaðarskólana yrði breytt, enda hafði amtsráðið haft þetta fyrir augum, þá er það batt framboð sitt því skilyrði, að samþykki landstjórnarinnar lægi fyrir. Fyrirspurninni um, hvort amtsráðið vildi taka að sjer skuldir þær, sem á skólanum hvíla, eða leggja honum árlegan styrk, jafnframt því, að afhenda skólann með öllum eignum, eins og öllu því, er honum fylgdi, er sværað á þá leið, að eignum og rjettindum yrðu að fylgja skuldir.

Forseti lagði fram annað brjef frá Búnaðarfjelagi Íslands, dagsett 16. þ. m., þar sem það skýrir frá því, að þeirri ósk hafi verið skotið til fjelagsins á búnaðarmála fundi við Þjórsábrú á síðastliðnu hausti, að það hlutaðist til um, að tamning hesta yrði gjörð að skyldunámssgrein við búnaðarskólann svo fljótt, sem kringumstæður leyfðu. Þessu máli hefir nú fjelagið skotið til amtsráðsins og stjórnar Hvanneyrarskólans til ihugunar og framkvæmdar, ef það þætti tiltækilegt. Amtsráðið sá sjer eigi fært að sinna þessu máli að svo stöddu.

Ennfremur var framlagt brjef Búnaðarfjellags Íslands, dagsett 22. þ. m., þar sem það býður amtsráðinu til kaups steinkjallara undir mjólkurskólann, sem brann, fyrir 40 kr. Amtsráðið ályktaði að ganga að þessum kaupum.

Samkvæmt hinum framlagða viðskiptareikningi á skólastofnunin í handbæru fje 17,373 kr. 36 a., en aptur á móti stæðu til útgjöldin við bygging skólahússins, sem yrði að minnsta kosti 14,000 kr., og bygging kirkjunnar, sem mundi útheimta 3500 kr., alls 17,500 kr. Eins og reikningurinn sýnir, hafa verið keypt rúmföt, innanstokksmunir og ýms áhöld, sem sje fyrir um 1500 kr., en þetta mundi ekki nægja, heldur þyrfti í viðbót nokkurt fje til bóka- og kennsluáhalda, eins og stjórnarnefndin hefir stungið uppá, að minnsta kosti svo sem 1000 kr.

Forseti lagði það til, að amtsráðið vildi veita sjer heimild til að taka allt að því 2500 kr. lán uppá amtið úr öðrum hvorum bankanum, eða einhverjum opinberum sjóði, með svo vægum kjörum, sem hægt væri, til skólastofnunarinnar, sjerstaklega til endurbyggingar skólahússins og útvegunar innanstokksmuna, bóka og kennsluáhalda, svo að stofnunin kæmist í samt lag og áður. Amtsráðið veitti þessa heimild.

Brjef stjórnarnefndarinnar, dagsett 21. þ. m., var framlagt. Leggur nefndin til, að veittar sjeu til hinna venjulegu þarfa skólahússins hinar sömu upphæðir, og í fyrra; samt mundi rjettast, að fjárveitingin til smíðakennslu fjelli niður í þetta skipti. Aptur á móti þyrfti að veita 400 kr. til þess að kaupa nauðsynlegustu bækur og kennsluáhöld. Laun aukakennara skyldu vera þau sömu og í fyrra.

Amtsráðsmaður sjera Guðmundur prófastur Helgason á Reykholti stakk uppá, að 50 kr. yrðu veittar sem byrjun til þess að koma upp bókasafni handa lærisveinum í stað þess, sem brann. Amtsráðið samþykkti uppástungu

110  
2. júlí

þessa, og ályktaði ennfremur, að veita skólastjóra Hirti Snorrasyni í skaðabótaskyni fyrir bókasafn hans, sem brann, og sem viðurkenning 300 kr.

Framlagt var erindi frá þeim eina pilti, sem hafði yfirgefið skólann eftir brunann, Páli Sigurðssyni, þar sem hann sækir um, að amtsráðið veiti sjer þá upphæð, sem nám hans á Ólafsdalskólanum hafi kostað þann tíma, sem eftir var af skólaárinu, 180 kr., að frádreginni skuld hans við skólafundunina á Hvanneyri, 34 kr. Með erindi hans fylgdi álit skólastjóra sem forseti hafði leitað. Amtsráðið veitti honum 80 kr., svo sem þóknun fyrir vinnu hans annað af þeim tveimur sumrum, er hann dvaldi á skólanum, og skyldi skuld hans við skólann dreginn frá þessari upphæð.

Amtsráðið samdi eftirfylgjandi:

### Áætlun

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri

fyrir 1904—1905.

#### Tekjur.

1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1905 . . . . .	kr. 2500
2. Gjald úr jafnaðarsjóði á árinu 1904 eftir 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða . . . . .	— 840
3. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1904, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi 25.—26. júní 1903). . . . .	— 4000
	kr. 7340

#### Gjöld:

1. Afborganir og vaxtagreiðslur:	
a, til landssjóðs . . . . .	kr. 1504
b, til landsbankans . . . . .	— 1072 50
c, til kirkjusjóðs . . . . .	— 124
	kr. 2700 50
2. Laun skólastjóra . . . . .	— 1200
3. Laun aukakennara . . . . .	— 300
4. Til hjúlauna, verkalauna og daglaunamanna, kaupstaðarvarnings, fóðurbætis m. m. —	2000
5. Til bókakaupa handa lærisveinum . . . . .	— 60
6. Til bókasafns lærisveina . . . . .	— 50
7. Önnur útgjöld . . . . .	— 1029 50
	kr. 7340

## Yfirlit

yfir efnahag búnaðarskólafnunarinnar í fardögum 1904.

110

2. júlí

## Eignir:

1. Hvanneyri . . . . .	kr. 17000
2. Hús og húsaefni (að meðtöldu brunabótafje	-- 31350
3. Lifandi peningur . . . . .	-- 10157
4. Jarðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reið- skapur m. m. . . . .	-- 1799 50
5. Bækur og kennsluáhöld . . . . .	-- 28 70
6. Smíðatöl . . . . .	-- 225 75
7. Skip og veiðarfæri . . . . .	-- 436
8. Heyfyrningar og búsafléifar . . . . .	-- 4884
9. Annað lausafje . . . . .	-- 2315 90
10. Í sjóði . . . . .	<u>457 55</u> kr. 68654 38

## Skuldir:

## 1. Óborgað lán:

## a, úr landssjóði

1. Eptirst. af láni frá $19/10$ 85 kr.	584 49
2. — — — — $8/6$ 86 —	1578 14
3. — — — — $8/6$ 92 —	7302 66
4. — — — — $30/7$ 94 —	2365 02
5. Lán án afborg. $24/11$ 88 —	<u>11800</u> kr. 23630 31

## b, úr landsbankanum:

1. Eptirst. af láni frá $25/7$ 95 —	900
2. — — — — $29/7$ 98 —	<u>2500</u> — 3400

c, úr kirkjusjóði frá  $15/1$  1894 . . . . .

2. Mismunur . . . . .	-- 600
	<u>41024 07</u> kr. 68654 38

33. Amtsráðið ályktaði, að borgun til forseta amtsráðs Suðuramtsins skuli ákveðið 500 kr.

34. Amtsráðið ályktar að leggja það til, að amtmaður Júlíus Havsteen verði eptirleiðis skipaður forseti amtsráðsins.

35. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1905.

## Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1904 . . . . .	kr. 1200
2. Jafnaðarsjóðsgjald þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum um til amtsjóða og sýslusjóða . . . . .	<u>6000</u> kr. 7200

1. Kostnaður við amtsráðið (þaraf til forseta 500 kr.) . . . . .	kr. 1100
2. 11. afborgun uppí vaxtagreiðslu af láni til Ölfusárbrúarinnar að hálfu samkvæmt lögum 6. nóvbr. 1902, um helmingsuppgjöf eptirstöðva af láni til brúargjörðar á Ölfusá . . . . .	— 241 32
3. Kostnaður samkvæmt lögum 2. oktbr. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi . . . . .	— 200
4. Menntamál (kvennaskólinn í Rvík) . . . . .	— 100
5. Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri 1905—1906, samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða . . . . .	— 840
6. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri . . . . .	— 4000
7. Ýmisleg gjöld . . . . .	— 400
8. Eptirstöðvar . . . . .	— 318 68
	<u>kr. 7200</u>

36. Amtsráðið ályktaði, að veita 25 kr. fyrir skriptir á amtsráðsfundinum. Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Suðuramtíð, Reykjavík, 2. júlí 1904.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 6.—8. júní 1904.

Ár 1904, 6. dag júním., var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni í Knarrarnesi (úr Mýrasýslu), kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), sjera Sigurði prófasti Jenssyni í Flatey (úr Austurbarðastrandarsýslu), sjera Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu), sjera Janusi prófasti Jónssyni í Holti (úr Vesturísafjarðarsýslu), sjera Sigurði Stefánsyni í Vigur (úr Norðurísafjarðarsýslu) og sjera Páli prófasti Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynning sýslumannanna um kosning amtsráðsmanna í Mýrasýslu, Dalasýslu, Austurbarðastrandarsýslu og Vesturísafjarðarsýslu fyrir